

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/492*  
*komudagur 13.11.2012*

13. nóvember 2012

**Varðar: Frumvarp til laga um neytendalán, 220. mál – 141. löggjafarþing**

I.

Með bréfi dags. 18. október sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Creditinfo Lánstraust hf., hér eftir félagið, um frumvarp til laga um neytendalán (220. mál – 141. löggjafarþing). Umrætt frumvarp er að meginstofni það sama og lagt var fyrir 140. löggjafarþing og leyfir félagið sér því að vísa til fyrri umsagnar að því leyti sem meðfylgjandi umsögn vikur ekki frá þeim sjónarmiðum er þar voru reifuð.

Þrátt fyrir að frestur til að senda inn umsagnir um frumvarpið sé liðinn telur félagið ástæðu til þess að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í traust þess að þær verði teknar til skoðunar af hálfu nefndinni.

II.

Félagið telur að umrætt frumvarp, sem að byggir öðrum þæði fremur á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB, vel unnið og til þess fallið að stuðla að ábyrgum lánveitingum og um leið draga úr fjölda lántaka sem lenda í alvarlegum vanskilum. Félagið telur þó rétt að víkja að nokkrum ákvæðum frumvarpsins.

III.

Í i. lið 5. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningu á lánshæfismati og er ákvæðið svohljóðandi:

*„Lánshæfismat: Mat lánveitanda á lánshæfi lántaka byggt á upplýsingum um fjárhagslega stöðu lántaka svo sem um viðskiptasögu aðila á milli, upplýsingum um eignir, skuldir, gjöld, tekjur og upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Lánshæfismat felur ekki í sér greiðslumat nema slíkt sé áskilið sérstaklega.“*

Umrætt ákvæði hefur tekið smávægilegum breytingum frá því frumvarpi sem var til umræðu á 140. löggjafarþingi, en orðunum „svo sem“ hefur verið bætt inn í ákvæðið.

Nokkrir umsagnaraðilar, þ. á m. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF), hafa gert athugasemdir við framangreinda skilgreiningu og talið hana gera sömu kröfur um gagnasöfnun og gildir um greiðslumat. Hafa þannig umræddir aðilar talið of strangar kröfur verið gerðar til þeirra gagna sem lánshæfismat byggir á. Félagið getur að nokkru tekið undir gagnrýni hlutaðeigandi umsagnaraðila.

Af ákvæðum frumvarpsins, sem og nefndrar tilskipunar, má ráða að lánshæfismati er ætlað að stuðla að ábyrgari lánveitingum og koma í veg fyrir yfirsuldbættu (e. overindebtedness). Í því felst að

lánshæfismat þarf að byggja á upplýsingum sem almennt má telja fullnægjandi við mat á því hvort lántaki geti staðið í skilum með greiðslu lána í framtíðinni.

Í umræddu ákvæði er að finna upptalningu þeirra upplýsinga sem lánshæfismat þarf að byggja á en þó er sú upptalning ekki tæmandi, sbr. orðin „svo sem“. Með því að nota orðin „svo sem“ í umræddu samhengi veitir undirritaður því fyrir sér hvort túlka mætti ákvæðið þannig að allar þær upplýsingar sem tiltekna séu beri að nota við lánshæfismat. Í greinargerð má þó finna vísbendingar um að lánveitendum sé veitt frelsi til að velja þau gögn sem þeir kjósa hverju sinni til að framkvæma lánshæfismat. *Telur félagið eðlilegt að í frumvarpinu séu gerðar lágmarkskröfur hvað þetta varðar.*

Að mati undirritaðs, byggt á reynslu hérlendis sem og erlendis, eru þær upplýsingar sem skipta mestu við mat á lánshæfi (e. credit score) annars vegar viðskiptasaga lántaka og lánveitenda og hins vegar upplýsingar úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Hvað varðar aðrar þær upplýsingar sem tiltekna eru í ákvæðinu telur félagið vera háð mati hverju sinni og m.a. tengjast fjárhæð lána. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt greiningu félagsins skipta laun minna máli en ætla mætti við mat á líkum á efndum lánasamnings í framtíðinni.

Með hliðsjón af framansögðu leggur félagið til að eftirfarandi breyting verði gerð á i. lið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins:

*„Lánshæfismat: Mat lánveitanda á lánshæfi lántaka byggt á upplýsingum sem eru til þess fallnar að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess hvort lántaki geti efnt lánasamning í framtíðinni. Lánshæfismat skal m.a. byggt á viðskiptasögu aðila á milli og upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust, og eftir því sem við á hverju sinni upplýsingum um eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lánshæfismat felur ekki í sér greiðslumat nema slíkt sé áskilið sérstaklega.“*

Umrædd breytingartillaga byggir á því að lánshæfismat sé byggt á upplýsingum sem almennt teljast veita áreiðanlegar niðurstöður um líkindi á efndum lánasamnings í framtíðinni. Að mati félagsins er þetta lykilatriði, þ.e. að lánveitendur noti upplýsingar og þar með lánshæfismat, sem endurspeglar raunveruleg líkindi á efndum lántaka í framtíðinni og hættu á yfirsuldsetningu (e. over-indebtedness). Þá byggir breytingatillagan einnig á athugasemdum SFF og efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, þ.e. að tiltekna upplýsingar skulu nýttar eftir því sem við á hverju sinni og tryggir því ákveðinn sveigjanleika sem þó takmarkast af áreiðanleika lánshæfismatsins.

#### IV.

Samkvæmt 1. málslíð 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins er að finna reglu er bannar lánveitingar ef lántaki hefur „*augljóslega ekki fjárhagslega burði til þess að standa í skilum með lánið*“. Í 2. málslíð er að finna *undantekningu* á fyrrgreindri meginreglu er heimilar að vikið sé frá banni við lánveitingu ef *verðmæti veðs eða annarra trygginga er meira en heildarfjárhæð lánsins*.

Félagið telur eðlilegt, þegar umræddar aðstæður eru fyrir hendi, að lántaki sé upplýstur um mat lánveitandans á fjárhagslegum burðum hans til að standa í skilum með lánið. Slíkt er til þess fallið að koma í veg fyrir lánveitingar þar sem lántaki telur ranglega að hann geti staðið undir skuldbindingum lánsins. Mikilvægt er að lántaki geri sér grein fyrir umræddri áhættu og sé upplýstur um hana. Þá

væri slík skylda til þess fallin að draga úr ágreiningsmálum tengdum óábyrgum lánveitingum (e. *irresponsible lending*) þar sem fyrir lægi að lántaka hafi verið kynnt að hann skorti fjárhagslega burði til að efna lánasamninginn. Telur félagið rétt að hnykkja á þessari skyldu þrátt fyrir að lántaka sé tryggður réttur í frumvarpinu til að fá umræddar upplýsingar, sbr. 7. og 8. gr., þar sem nefnd ákvæði byggja á því að lántaki hafi frumkvæði að því að fá í hendur upplýsingarnar.

Félagið leggur því til að 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins verði orðuð með eftirfarandi hætti:

*„Óheimilt er að veita lántaka lán ef mat á lánshæfi eða greiðslumat leiðir í ljós að hann hafi augljóslega ekki fjárhagslega burði til þess að standa í skilum með lánið. Víkja má frá ákvæði þessu ef virði veða eða annarra trygginga sem lánveitandi leggur fram er meira á þeim tíma er lánið er veitt en heildarfjárhæð lán enda sé lántaki upplýstur um mat lánveitanda. Lánveitandi ber ekki ábyrgð á því ef lántaki framvísar röngum upplýsingum vegna framkvæmdar lánshæfis- eða greiðslumats, nema hann viti, eða eðlilegt þyki með tilliti til aðstæðna að hann hafi mátt vita, að upplýsingarnar séu rangar.“*

V.

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar og þar segir í 3. mgr.:

*„Ef lánssamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.“*

Umrætt ákvæði heimilar lánveitendum að undanskilja áhrif verðtryggingar við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Ekki þarf að fjölyrða um fjölda samninga er falla undir undanþágu ákvæði 3. mgr. 21. gr., áhrif verðtryggingar á greiðslubyrði lántaka og stöðugleika verðlags á Íslandi. Því má ljóst vera að undanþágan dregur verulega úr gildi útreiknings árlegrar hlutfallstölu kostnaðar og gagnsemi útreiknings hennar fyrir lántaka. Nægir í því sambandi að nefna að vaxtastig verðtryggðra lána hefur gjarnan verið svipað og árlegar breytingar á vísitölu neysluverðs. Sem dæmi má nefna að verðtryggt húsnæðislán til 40 ára bjóðast nú með 3,75% föstum vöxtum, en sambærileg kjör á slíkum lánum hafa verið í boði hér á landi í hartnær áratug. Þegar höfð er hliðsjón af þróun verðlags á Íslandi síðasta áratug (og áratugi) þá er hægt með nokkurri viss að gera ráð fyrir því að breytingar á verðlagi á lánstímanum hafi svipuð áhrif á skuldbindingar lántaka og samningsvextir (þ.e. breyting vísitölu verður að meðaltali 3,75% á ári).

Í ákvæðinu er vísað til þess að ekki sé unnt að meta verðtryggingu nema á þeim tíma þegar útreikningur er gerður. Þannig virðist vera gert ráð fyrir að ómöguleiki komi í veg fyrir mat á þróun verðbólgu í framtíðinni. Á sama tíma gerir frumvarpið ráð fyrir því að lánveitendur leggji mat á stöðu lántaka til að geta greitt skuldbindingar sínar í framtíðinni. Vandséð eru þau rök sem undanskilja mat lánveitenda á þróun verðlags í framtíðinni á sama tíma þegar honum ber, eðli máls samkvæmt, að meta greiðslugetu lántaka í framtíðinni. Í báðum tilvikum er um að ræða spá en ekki endanleg sannindi um tiltekna atburði í framtíðinni, sem byggir á upplýsingum/reynslu fortíðarinnar.



Ýmsir lánveitendur, sem og aðrir aðilar, leggja mat á þróun verðlags í framtíðinni og spá fyrir um verðbólgu 4-5 ár fram í tímann. Þannig er Seðlabanka Íslands ætlað að spá fyrir um þróun verðbólgu nokkur ár fram í tímann og eru slíkar spár birtar opinberlega. Þá bjóða fjármálafyrirtæki upp á *óverðtryggð lán með föstum vöxtum* til ákveðins tíma (gjarnan til 5 ára en þá er heimilt að endurskoða vaxtaákvæði). Ef fjármálafyrirtæki býður óverðtryggt húsnæðislán með föstum vöxtum til 5 ára þá liggur það í hlutarins eðli að fjármálafyrirtækið hefur þegar lagt mat á þróun verðlags þann tíma sem vextir haldast óbreyttir.

Félagið telur mikilvægt að fest verði í sessi viðmið sem ber að nota við mat á verðþróun í framtíðinni þar sem slíkt er til þess fallið að draga úr óþarfa þennslu, yfirsuldsetningu lántaka og gagnsæji til hagsbóta fyrir lántakendur. Það að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar án þess að taka tillit til verðtryggignar er vægt til orða tekið villandi framsetning á lánskjörum og greiðslubyrði. Þá verður að telja eðlilegt, með hliðsjón af markmiðum frumvarpsins og áðurnefndri tilskipun Evrópusambandsins, að lánveitendum beri skylda til að hafa hliðsjón af verðbólgu við útreiknings árlegs hlutfallstölu kostnaðar.

Með hliðsjón af framansögðu telur félagið rétt að vænt áhrif verðtryggingar í framtíðinni verði tekin inn í útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Mikilvægt er hins vegar að allir lánveitendur noti sömu aðferð og/eða viðmið þannig að auðveldara sé að bera saman lán mismunandi lánveitenda. Þannig mætti byggja á spá Seðlabankans eða meðaltals verðbólgu sl. 10, 15 eða 20 ár. Slík spá mundi þá geta verið heimfærð á lánstímann eða a.m.k. fyrstu 5 ár hans. Ef spáin væri notuð fyrir fyrstu 5 ár lánstímans þá mætti, að þeim tíma liðnum, miða við hófsama verðbólguþá, t.d. 3% á ársgrundvelli. Félagið fær ekki séð hvaða hagsmunum yrði kastað fyrir róða með því að hafa slíkar skyldur í lögum um *neytendalán*, sem öðrum þræði fremur er ætlað að bæta stöðu lántaka.

VI.

Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar. Félagið telur ekki heppilegt að stýra verðlagi með lögum og gildir slíkt jafnt um peninga og vörur. Umrætt ákvæði kann að draga úr samkeppni á markaði og koma í veg fyrir aðgang fólks að lánsfé.

Ljóst má vera að umræddu ákvæði er ætlað að stemma stigu við, eða kom í veg fyrir, tiltekna lánastarfsemi. Í ljósi þess að frumvarpið leggur ríkar kröfur á lánveitendur við mat á lánshæfi lántakenda, sem og að óábyrgar lánveitingar eru á ábyrgð lánveitenda, má ætla að umrætt ákvæði sé óþarft. Ef lántaki, sem stenst lánshæfismat og telst líklegur til að geta endurgreitt lán, telur hagfellt að taka lán sem bera háan kostnað þá telur félagið óheppilegt að löggjafinn koma í veg fyrir slíka fyrirgreiðslu.

Þó vissulega megi segja að kostnaðurinn við lán „smálánafyrirtækja“ sé hár þá verður ekki horft framhjá þeirri staðreynd að lánsfjárhæðir eru á sama tíma lágar. Greiðsluvandamál sem kunna að skapast vegna slíkra lána eru því líkleg til að hafa áhrif til skamms tíma ólíkt greiðsluvandamálum er kunna að skapast vegna hærri lána, en slík vandamál vara oft í langan tíma.

Önnur lán en smálán geta auðveldlega fallið undir kostnaðarþak 26. gr. frumvarpsins. Sem dæmi má nefna aðila sem notar kreditkort til að taka út 15.000 kr. úr hraðbanka. Um er að ræða lán sem ber að greiða til baka innan 10-30 daga og er árleg hlutfallstala kostnaðar í slíkum tilvikum mun hærri en

---

tiltekið er í 26. gr. frumvarpsins. Hinu sama gildir um lágar lánsfjárhæðir sem veittar eru til skamms tíma í formi skuldabréfalána, en þar getur kostnaður vegna stimpilgjalda og þinglýsingargjalda leitt til þess að kostnaðarhlutfall fari fram úr því hámarki sem tiltekið er í ákvæðinu.

Virðingarfyllst,

Hákon Stefánsson, frkvstj.

Virðingarfyllst,

Hákon Stefánsson, frkvstj.